

Þekkir þú hornfirsku bjölluna tröllasmið?

Stærsta skordýr Íslands


Hólmfríður Jakobsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir

Af hverju finnst hann á svo afmörkuðu svæði?


- Takmörkuð útbreiðsla tröllasmiðs vekur athygli sérstaklega í ljósi þess hve lengi hann er talinn hafa verið hér á landi.
- Óljóst er hvað takmarkar útbreiðsluna. Tegundin virðist berast yfir ár og fjöll en jöklar og jökulár gætu verið verulegur farartálmi.
- Útbreiðsla gæti hugsanlega verið takmörkuð af Hornafjarðarfljóti í vestri og Jökulsá og Skyndidalsá í austri.

Tröllasmiður er séríslensk undirtegund (*Carabus problematicus islandicus*), afar fágæt, og er **Hornafjörður eini staðurinn í heiminum** þar sem hún finnst. Hann er talinn hafa verið hér síðan fyrir landnám, jafnvel fyrir lok síðasta jökulskeiðs.

Þekktir fundarstaðir tröllasmiðs frá 1932-1998



Þekktir fundarstaðir tröllasmiðs eftir 2008



Fyrstu heimildir eru frá árinu 1926 þegar tröllasmiður fannst við lækinn Dynjanda í Nesjum. Við leit að honum árið 1932 fannst hann einungis á um 20 km löngu svæði í Nesjum. Árið 2021 óskaði NattSA eftir upplýsingum frá almenningi um tröllasmið og kom þá í ljós að hann hafi sést í Skálatindum og austan þeirra, í Lóni, sem er austar en talið var að útbreiðsla hans næði.




Tröllasmiður er rándýr sem veiðir sér til matar. Hann er tækifærisinnnaður á fæðu borðar m.a. lítil skordýr, snigla, lirfur og orma.


Hvað höfum við gert og lært?

- NattSA hefur með notkun fallgildra handsamað 21 tröllasmið, þar af 17 í Nesjum og 4 í Lóni og gert tilraunir með sjálfvirkar myndavélar.
- Vandasamt er að handsama tröllasmið og því ekki hægt að útiloka að tegundin hafi verið í Lóni í einhverju magni á síðustu öld þrátt fyrir að engar heimildir finnst um það.
- Lítið er vitað um lífsferil og búsvæði þar sem eldri heimildum ber illa saman. Rannsóknir í Evrópu, á svæðum þar sem svipað veðurfar ríkir og í Hornafirði benda til að tröllasmiður hafi tvíæran lífsferil. Það passar einnig vel við hvenær ársins hann hefur sést, þá er virkni mest í ágúst þegar mökun á sér stað og nýjar bjöllur ummyndast frá lirfu yfir í fullorðna bjöllu.
- Í Evrópu sveiflast virkni tröllasmiðs yfir daginn og er mest á næturnar. Þetta samræmist vel athugunum okkar með sjálfvirkum myndavélum þar sem allir tröllasmiðir komu í mynd á milli kl. 19:00 og 09:00, flestir milli kl. 19:00-03:00.

Hvenær ársins sést tröllasmiður?



Hvenær dags sést tröllasmiður?



Fjöldi tilkynninga og handsamaðra einstaklinga af tröllasmið eftir mánuðum. Tekið saman úr eldri gögnum um fundarstaði tröllasmiðs, tilkynningar frá almenningi og athugunum NattSA. Í sumum tilfellum er leitað af smiðum á tilteknum tíma árs. Uppi til hægri má sjá hvenær dags tröllasmiðir komu í mynd á sjálfvirkum myndavélum. Fjórar myndavélar úti í 49 nætur á tímabilinu 23.4-26.8.2024.

